



24. HÁSKÓLAÞING

haldið í Hátíðasal í Aðalbyggingu Háskóla Íslands
fimmtudaginn 31. október 2019 kl. 13.00-16.30

Dagskrá

- Kl. 13.00-13.05 Rektor setur háskólaþing og fer yfir dagskrá og tímaáætlun og gerir grein fyrir fundargögnum.
- Kl. 13.05-13.20 Dagskrárliður 1. Rektor reifar mál sem eru efst á baugi í Háskóla Íslands.
- Kl. 13.20-14.20 Dagskrárliður 2. Endurskoðun siðareglna og starfsreglna siðanefndar Háskóla Íslands.
Málsmeðferð:
a) Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor og aðstoðarrektor vísinda, gerir grein fyrir málinu.
b) Umræður og afgreiðsla.
- Kl. 14.20-15.00 Dagskrárliður 3. Endurskoðun matskerfis opinberu háskólanna. Staða mála.
Málsmeðferð:
a) Guðbjörg Linda Rafnsdóttir gerir grein fyrir málinu.
b) Umræður.
- Kl. 15.00-15.15 Kaffihlé.
- Kl. 15.15-16.30 Dagskrárliður 4. Sjálfsmatsskýrsla Háskóla Íslands (75 mín.).
Málsmeðferð:
a) Jón Ólafsson, prófessor og formaður gæðnefndar háskólaráðs, og Áslaug Helgadóttir, gæðastjóri: Vinnuferli ytra mats Háskólans og gerð sjálfsmatsskýrslu.
b) Umfjöllun um forgangsatriði til umbóta:
Herdís Sveinsdóttir, prófessor og deildarforseti Hjúkrunarfræðideildar: Tilgangur og hagnýting ánægjukannana meðal nemenda. Hönnun ferla.
Elsa Eiríksdóttir, dósent við Deild faggreinakennslu: Nýting skilgreindra hæfniviðmiða í tengslum við kennslu, nám og námsmat.
Sveinn Agnarsson, prófessor við Viðskiptafræðideild: Styrking þverfaglegs umhverfis innan Háskóla Íslands.
Eiríkur Steingrímsson, prófessor við Læknadeild: Styrking umgjarðar og hlutverks doktorsnáms við Háskóla Íslands.
Sveinbjörn Höskuldsson, CTO, Nox Medical: Notkun ytri samanburðar í gæðastarfi og formgerð samstarfs við hagaðila í tengslum við skipulag námsleiða.

Daði Már Kristófersson, prófessor og forseti Félagsvísindasviðs: Aðgangskröfur, endurkoma og brautskráningarhlutfall.

c) Umræður.


Kl. 16.30 Háskólaþingi slitið.

Rektor setti háskólaþing Háskóla Íslands og bauð þingfulltrúa velkomna til starfa. Háskólaþing er haldið í samræmi við lög um opinbera háskóla nr. 85/2008 og var þetta 24. Háskólaþing Háskóla Íslands. Sérstaklega bauð rektor velkomna þá fulltrúa sem tóku í fyrsta sinn þátt í þinginu, fulltrúa frá samstarfsstofnunum og formann Stúdentaráðs.

Fundargerð síðasta háskólaþings var send fulltrúum fyrir þingið og bárust engar athugasemdir við hana. Þá gerði rektor grein fyrir tímaáætlun og gögnum þingsins og fól Magnúsi Diðriki Baldurssyni, skrifstofustjóra rektorsskrifstofu, að vera fundarritari.

Þinginu var streymt á netinu og það tekið upp.

Kl. 13.05-13.15 Dagskrárlíður 1 Rektor reifar mál sem eru efst á baugi í Háskóla Íslands



- Stórukin hnattræn samkeppni kallar á aukid samstarf evrópskra háskóla
- Fjölmarir háskólar eru að snúa bókum saman, m.a. með nýjum samstarfsáætlanum og samstarfsnetum
- Háskóli Íslands er virkur þátttakandi í þessari þróun

ALÞJÓLEGT SAMSTARF

- Samstarfsnet ný evrópskra rannsóknaháskóla sem eru afar virkir í rannsóknum og leggja áherslu á samfélagslega ábyrgð
- Megináherslur:
 - Jafnrétti og margbreytileiki
 - Rannsóknir og áhrif þeirra í samfélaginu
 - Þátttaka nemenda
 - Nýsköpun í námi og kennslu
- Rektor HÍ stjórn Aurora, fundir tvísvar á ári, næst á Íslandi

AURORA

EUROPEAN UNIVERSITIES
A KEY PILLAR OF THE EUROPEAN EDUCATION AREA

- European Universities – samevrópskir háskólar
- Liður í framtíðarstefnumótun evrópska háskólaumhverfisins („European Education Area“)
- Meginmarkmið EUN er að styrkja evrópskt háskólaferli í alþjóðlegri samkeppni
- Þverfræðileg samvinnna háskólanna í netinu þar sem nemendur, vísindamenn og sérfræðingar úr atvinnulífi tækast í sameiningu á við þær þrygja áskoranir sem Evrópa samtímans stendur frammi fyrir
- Viðtækt samstarf með ríka áherslu á hreyfanleika nemenda og starfsfólks. Nemendur geta stundað nám eða hluta náms þvert á stofnanir og auðvelt að fá nám metið á milli háskóla
- Leiðir til samevrópskrar prófgráðu – European University Degree

EUROPEAN UNIVERSITIES NETWORK (EUN)

EUROPEAN UNIVERSITIES NETWORK (EUN)

- Háskóli Íslands undirbyr nú umsókn með háskólum í Aurora netinu ásamt nokkrum fleiri háskólum – Aurora European University (Aurora-EU)
- Megináherslur Aurora-EU eru að rannsóknir og kennsla stuðli að virkri þátttöku og hafi áhrif á samfélagið („Social Engagement and Impact“)
- Eining er áhersla á að nemendur tileinki sér samfélagslega nýsköpunarhugun sem geri þeim kleift að nýta þekkingu og þekkingarskopun háskólanna til áhrifa í samfélaginu („Social Entrepreneurship and Innovation“)
- Stór hópur starfsmanna í öllu Aurora-EU netinu vinnur að gerð umsóknarinnar. Rík áhersla á virka aðkomu nemenda í ferlinu
- Einstakt takifreni fyrir Háskóla Íslands að taka þátt í EUN – nýrri nálgun á samvinnu, skipulag og framtíðaruppbyggingu evrópskra háskóla

og neimsmarkmiðin

- Ný fundaröð um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna
- Fyrsti fundur haldinn 17. október sl., næsti fundur verður 19. nóvember
- Heimsmarkmiðin eru framkvæmdáætlan SP í þágu jarðarinnar og alis mannkyns

HÁSKÓLINN OG HEIMSMARKMIÐIN

HÁSKÓLINN OG HEIMSMARKMIÐIN

HÍ21 – FJÖLDI AÐGERDA Í INNLEIDINGU EFTIR ÁRUM

| Ár | Alls | Nám og kennsla | Rannsóknir | Vb. Virk þátttaka | Mannauður |
|-----------------------|------|----------------|------------|-------------------|-----------|
| Ár 1 | 75 | 48 | 20 | 16 | 19 |
| Ár 2 | 64 | 11 | 10 | 11 | 13 |
| Ár 3 | 48 | 3 | 14 | 13 | 16 |
| Þaðgerðir eftir 3. ár | 11 | 3 | 3 | 2 | 3 |

- Stafræna byltingin er komin í háskólana og mun hafa mikil áhrif á öllum sviðum starfseminnar
- Breyttar væntingar og þarfir starfsfólks, nemenda, atvinnulífs og samfélags kalla á breytta kennsluhætti og námsaðferðir
- Mikilvægt að nýta stafræna tækni til að styrkja öflugt námsamfélag nemenda og kennara og efla gæði náms og kennslu.

STAFRÆNA BYLTINGIN Í HÁSKÓLASTARFI

Kl. 13.20-14.20 Dagskrárliður 2

Endurskoðun siðareglna og starfsreglna siðanefndar Háskóla Íslands

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor og aðstoðarrektror vísinda, formaður starfshóps um endurskoðun siðareglna og starfsreglna Háskóla Íslands, gerði grein fyrir málinu.



Endurskoðun siðareglna

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir,
prófessor og aðstoðarrektror vísinda

Háskólaþing haldið 31. október 2019



Forsendur

- Siðareglur Háskóla Íslands og starfsreglur siðanefndar samþykktar á háskólafundi 7. nóvember 2003, með breytingum 2006 og 2011.
- Í kjölfarið skipuð siðanefnd sem hefur starfað óslitið síðan.
- Á þessum tíma hefur Háskóli Íslands stækkað og starfsemi, skipulag og stjórnkerfi hans tekið breytingum.
- Nýjar reglur hafa komið til sögunnar.



Forsendur

- Tímabært að fara yfir siðareglur og starfsreglur siðanefndar og gera á þeim mögulegar breytingar.
- Styrkja umræðu um tilgang og hlutverk skráðra siðareglna.



Skipan starfshóps

Á þessum forsendum skipaði Háskólaráð starfshóp sem fékk það verkefni að endurskoða siðareglur Háskóla Íslands og starfsreglur siðanefndar skólans.



- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, aðstoðarrektror vísinda, formaður
- Anna Soffía Hauksdóttir, prófessor, fulltrúi Verkfræði- og náttúruvísindasviðs
- Eyvindur G. Gunnarsson, prófessor, fulltrúi Félagsvísindasviðs
- Guðjón Björn Guðbjartsson, fulltrúi heildarsamtaka nemenda
- Jóna Þórey Pétursdóttir, fulltrúi heildarsamtaka nemenda
- Kristín Björnsdóttir, prófessor, fulltrúi Heilbrigðisvísindasviðs
- Magnús Diðrik Baldursson, skrifstofustjóri rektorsskrifstofu, fulltrúi stjórnslu
- Ólafur Páll Jónsson, prófessor, fulltrúi Menntavísindasviðs
- Páll Rafnar Þorsteinsson, verkefnisstjóri, fulltrúi Siðfræðistofnunar
- Sólveig Anna Bóasdóttir, prófessor, fulltrúi Hugvísindasviðs
- Björn Atli Davíðsson, lögfræðingur rektorsskrifstofu, starfsmaður og ritari hópsins
- Anna Rut Kristjánsdóttir, lögfræðingur á rektorsskrifstofu hefur leyst Björn af



Erindisbréf

- Gildandi siðareglur óþarflega flóknar, í þeim er að finna endurtekningar.
- Nauðsynlegt að aðlaga form þeirra að öðrum skráðum reglum og siðareglum innan og utan Háskólans.
- Ekki virðist alltaf ljóst hvort siðareglurnar séu einkum ætlaðar starfsmönnum eða einnig stúdentum.





Tillaga starfshópsins

- Uppbygging siðareglanna hefur verið breytt og tilvísanir í önnur lög, reglur og verklagsreglur færðar inn í siðareglurnar til að tengja þær öðru regluverki Háskólans.
- Búið er að skrifa nemendur skýrar inn í reglurnar.



Erindisbréf

Þekking á siðareglum Háskóla Íslands er fremur lítil innan Háskólans og skilningur á þeim að sama skapi takmarkaður.



Tillaga starfshópsins: Kynning siðareglna

Siðanefndin standi fyrir:

- Samtali um siðareglur, í samstarfi við ólíkar starfseiningar Háskólans og nemendafélög, svo sem með fræðslufundum og málþingum.
- Gerð kynningar- og námsefnis, s.s. vefyfyrirlestrum og jafnvel krossaprófum í kennslukerfi skólans.



Erindisbréf

Skilgreina þarf betur stjórnslulega stöðu og starfssvið siðanefndar og huga m.a. að því hvenær mál eigi fremur að leysa á vettvangi fræðasviða, deilda eða starfsmannsviðs Háskóla Íslands.



Tillaga starfshópsins

Um meint brot á siðareglum gildi það grunnviðmið að álitamál skulu tekin til umfjöllunar innan viðkomandi starfseininga.



Tillaga starfshópsins: Leiðsögn og ráðgjöf

Siðanefndin:

- Beini málum í viðeigandi farvegi eftir eðli þeirra.
- Veri stjórnendum til ráðgjafar í málum sem varða siðareglur, en eru á ábyrgð stjórnenda.
- Taki til efnislegrar umfjöllunar mál sem verða ekki leyst eftir öðrum leiðum innan Háskólans.
- Veri rektor til ráðgjafar.



Erindisbréf

Skilgreina þarf með skýrari hætti en nú er hverjir hafa heimild til að senda kærur til siðanefndar.



Tillaga starfshópsins

Siðanefnd taki við erindum frá aðilum innan og utan Háskólans, en taki ekki mál upp að eigin frumkvæði.



Erindisbréf

Skilgreina þarf betur hvernig farið er með niðurstöður siðanefndar í einstökum málum.



Tillaga starfshópsins

- Álit siðanefndar skal vera rökstutt og afdráttarlaust um það hvort farið hafi verið í bága við siðareglurnar.
- Siðanefnd mælir ekki fyrir um viðurlög, en skal taka afstöðu til alvarleika umræddrar háttsemi.
- Álit siðanefndar skal vera skriflegt og tilkynnt málsaðilum bréflega.
- Niðurstaðan er einnig send rektor sem grípur til viðeigandi ráðstafana lögum samkvæmt.



Erindisbréf

Þótt fulltrúar í siðanefndinni séu almennt bundnir trúnaði í störfum sínum er spurning hvernig starfsfólk og stúdentar geta dregið lærdóma af einstökum málum ef þeir hafa ekki vitneskju um þau.



Tillaga starfshópsins

- Siðanefndin haldi utan um dæmasafn um álitamál sem varða siðareglur, raunveruleg dæmi í bland við tilbúin.
- Slík dæmi má nýta í kennslu- og kynningarefni og sem innlegg í umræðu um siðareglur.
- Þannig er auðveldara að draga lærdóm af þeim siðferðilegu álitamálum sem upp koma í háskólasamfélaginu.



Að lokum:

- Trúverðugleiki og heilindi eru forsenda fyrir farsælu starfi háskólaborgara.
- Tilgangur siðareglanna er efla með okkur vitund um þau gildi sem liggja til grundvallar störfum okkar.
- Í heildarstefnu Háskólans eru gildin: Akademískt frelsi, jafnrétti og fagmennska.



Umræður



Rektor þakkaði Guðbjörgu Lindu fyrir kynninguna og starfshópi um endurskoðun siðareglna og starfsreglna siðanefndar Háskóla Íslands fyrir vandaða vinnu og gaf orðið laust.

Deildarforseti Lagadeildar þakkaði fyrir kynninguna og benti á nokkur tæknileg atriði til umhugsunar. Í fyrsta lagi firningarfresti kærumála, í öðru lagi fyrir hvern siðareglurnar gilda – doktorsnema, háskólasamfélagið, Ísland allt? –, í þriðja lagi hvort siðareglurnar gildi einnig um fyrrverandi starfsmenn, í fjórða lagi hvernig háttað sé upplýsingagjöf til málsaðila ef siðanefnd vísar kæru frá.

Forstöðumaður skrifstofu alþjóðasamskipta þakkaði starfshópnum fyrir góða vinnu. Spurði hún hvort einstaklingar sem ljóstra upp um siðabrot geti óskað eftir því að njóta nafnleyndar. Sagði hún líklegt að fólk myndi hika við að segja til meintra brota á siðareglum ef það gæti bitnað á því sjálfu.

Fulltrúi stúdenta í háskólaráði spurði til hvaða þátta háskólastarfsins siðareglurnar tækju, t.d. til þjónustu sem Háskólinn veitir, sbr. nýlegt dæmi um aldursgreiningu hælisleitenda sem Tannlæknadeild sinnir á grundvelli samnings fyrir Útlendingastofnun.

Aðstoðarrektror vísinda svaraði spurningunni um nafnleynd með vísun til þess að í 7. kafla siðareglanna segir að þeir sem segi til einhvers muni ekki gjalda þess. Þá sagði hún að starfshópurinn hafi ekki rætt sérstaklega um firningarfrest vegna meintra brota á siðareglunum, en hópurinn myndi taka það upp við frágang siðareglanna. Um gildissvið reglnanna sagði aðstoðarrektror að þær eigi við um starfsfólk og nemendur Háskóla Íslands. Í þessu felst að reglurnar gilda ekki um fyrrverandi starfsfólk eða nemendur. Varðandi spurninguna um gildissvið siðareglanna sagði aðstoðarrektror að með vinnustað væri ekki aðeins átt við landfræðilegan stað heldur alla staði þar sem fólk væri í vinnuerindum eða vinnutengslum, s.s. á vinnuferðalögum eða skemmtunum samstarfsfólks úti í bæ.

Fulltrúi Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum vakti máls á því að í reglunum væri lögð áhersla á að mál verði leyst sem næst vettvangi. Spurði hún hvort þetta gæti ekki verið erfitt í framkvæmd, t.d. þegar um væri að ræða mál vegna kynferðislegrar áreitni.

Deildarforseti Félagsráðgjafardeildar spurði um merkingu orðanna „nú tíð og framtíð“ í setningunni „Við tökum ábyrgð á afleiðingum starfa okkar fyrir samfélag, umhverfi og náttúru í nú tíð og framtíð“ í gr. 5.1 í siðareglunum.

Aðstoðarrektror vísinda sagði að þetta hefði verið mikið rætt í starfshópnum og með þessu orðalagi væri vísað til sjálfbærni og afleiðinga gerða okkar.

Deildarforseti Lagadeildar bætti því við að skýra þyrfti betur hvað átt væri við með ábyrgð til framtíðar, t.d. ef um væri að ræða lyfjaþróun. Einnig þyrfti að skýra hvað hér væri átt við með ábyrgð.

Aðstoðarrektror vísinda svaraði að átt væri við siðferðilega ábyrgð en ekki skaðabótaábyrgð í lagalegum skilningi.

Fulltrúi í starfshópnum sem annaðist endurskoðun siðareglanna lagði orð í belg í umræðuna um ábyrgðarhugtakið. Sagði hann siðareglur koma til viðbótar við aðrar starfsskyldur sem hvíla á starfsfólki. Þetta breyti engu um að það er alltaf á ábyrgð yfirmanna að bregðast við brotum í starfi.

Annar fulltrúi í starfshópnum vakti máls á erfiðum málum sem upp geta komið innan starfseininga. Sagði hún það vera fyrsta hlutverk siðanefndar í slíkum málum að benda á viðeigandi farveg. Um landfræðilegt gildissvið sagði fulltrúinn þá reglu gilda að hvar sem háskólaborgarar koma saman og einnig þar sem þeir eru fulltrúar skólans eigi þeir að gæta að orðspori skólans.

Forseti Heilbrigðisvísindasviðs þakkaði starfshópnum fyrir endurskoðun siðareglanna og aðstoðarrektor fyrir kynninguna. Benti hún á að þegar upp koma mál sem varða meint brot á siðareglum sé iðulega erfitt að afmarka um hvers konar mál er að ræða og hver málsatvik hafi verið.

Fleiri tóku ekki til máls.

Að umræðu lokinni bar rektor upp svohljóðandi tillögu að ályktun:

„Háskólaþing fjallaði í dag um drög að tillögu að endurskoðuðum siðareglum og starfsreglum siðanefndar Háskóla Íslands. Háskólaþing samþykkir tillöguna fyrir sitt leyti og beinir því til rektors að starfshópnum sem undirbjó tillöguna verði falið að ganga frá endanlegri tillögu til háskólaráðs í ljósi framkominna ábendinga á þinginu.“

– Samþykkt einróma.

Til máls tóku undir þessum lið, auk rektors og Guðbjargar Lindu Rafnsdóttur, þau Aðalheiður Jóhannsdóttir, Friðrika Harðardóttir, Benedikt Traustason, Arna Hauksdóttir, Guðný Björk Eydal, Anna Rut Kristjánsdóttir, Páll Rafnar Þorsteinsson, Inga Þórsdóttir.

Kl. 14.20-15.00

Dagskrárliður 3

Endurskoðun matskerfis opinberu háskólanna. Staða mála

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, aðstoðarrektor vísinda, gerði grein fyrir málinu.



ENDURSKOÐUN MATSKERFIS OPINBERU HÁSKÓLANNA
KYNNT Á HÁSKÓLAÞINGI 31. OKTÓBER 2019

GUÐBJÖRG LINDA RAFNSDÓTTIR, AÐSTOÐARREKTOR VÍSINDA
STEINUNN GESTSDÓTTIR, AÐSTOÐARREKTOR KENNSLU OG ÞRÓUNAR



Hlutverk háskóla
(Lög um háskóla 2006/63 2.mgr)

Hlutverk háskóla er að stuðla að sköpun og miðlun þekkingar og færni til nemenda og samfélagsins alls.

Starf háskóla miðar að því að styrkja innviði íslensks samfélags og stöðu þess í alþjóðlegu tilliti [með hagsmuni komandi kynslóða að leiðarljósi].



Ítarlegt ferli – Víðtækt samráð

1. Lýsing á vinnumatskerfinu og sjálfsmat notenda
 - Lauk í desember 2016 með skýrslu
2. Ytra mat erlendra sérfræðinga
 - Heimsókn í apríl 2017
 - Skýrslu skilað sumarið 2017
3. Opinn fundur í september 2017
 - Kynning á innra og ytra mati
 - Umræður í vinnuhópum um tengsl vinnumats og gæða
4. Staða jafnréttismála í HÍ, m.a. með tilliti til matskerfisins
 - Skýrslu Félagsvísindastofnunar skilað í desember 2017
5. Kynning á fyrirbyggjandi hugmyndum á háskólabingi 13. apríl 2018 byggt á fyrri úttektum og umræðum á opnum fundi



Ítarlegt ferli – Víðtækt samráð

6. Ítarleg könnun sumarið 2018 á viðhorfum akademísks starfsfólks opinberu háskólanna til vinnumatskerfisins. Markmið að skilja betur viðhorf ólíkra hópa
- Víðtækt samráð ýmissa þátta vinnumatsins
7. Kynning á niðurstöðum könnunar á háskólabingi 7. nóvember 2018 og umræður um viðbrögð og möguleg næstu skref
 8. Fundir með kjarafélögum og fastanefndum háskólaráðs
 9. Vísindanefnd og Matskerfisnefnd opinberu háskólanna hafa fjallað um málið



Könnun á meðal akademískra starfsmanna



Telur þú að eftirfarandi bættir í störfum akademísks starfsfólks eigi að veða meira eða minna en beir gera nú í matskerfi opinberu háskólanna, eða telur þú að vægi þeirra eigi að vera óbreytt?



Kallað eftir meiri áherslu á:
-kennslu
-samfélagsþátttöku
-stjórnun



Stuðningur við kennslu:
Hvatakerfi kennslu og kennsluakademía



Í stefnu HÍ um gæði náms og kennslu segir

Markmið Háskólans er að „stuðla að sífelldri þróun kennslu við skólann með því að styðja betur við starfsþróun kennara, meta kennsluframlag að verðleikum, stuðla að notkun upplýsingatækni sem styður við gæði náms og auka virkni nemenda í náminu“

Tvö skref í stærri mynd:
Umhverfi sem hvetur til gæða og kennsluþróunar

Nýir kennarar

- Námskeið KEMST
- Bætt móttaka - **nýtt**
- Mentorar - **nýtt**
- Hálf kennsluskylda fyrsta árið - **nýtt**

Upplýsingatæknivæðing kennslu

- Turnitin
- Rafrænt prófahald - **nýtt**
- Nýtt námsumsjónarkerfi - **nýtt**
- edX - **nýtt**

Aukinn stuðningur

- Tvöfaldaður aðstoðarmannasjóður - **nýtt**
- Kennsluþróunarstjórnir á öllum fræðasviðum - **nýtt**

Starfsþróun kennara og nýsköpun í kennslu

- Kennslufræði háskóla: 30 ECTS diplómanám
- Kennslumálasjóður
 - ✓ Styrkir til kennara fyrir kennsluþróun
 - ✓ Styrkir til deilda fyrir umbótaverkefni - **nýtt**
- Leyfi til kennsluþróunar - **nýtt**
- Vinnustofur leiðbeinenda í Ph.D námi - **nýtt**
- Hvatakerfi til kennsluþróunar - **nýtt**
- Kennsluakademía - **nýtt**



Hvatakerfi kennslu



Leiðarljós

- Sköpum vinnuhverfi sem metur að verðleikum og styður við kennsluþróun sem byggð er á emperískum grunni
- ÁN ÞESS að valda viðbótarálagi og viðamiklu utanumhaldið



Hvati til kennsluþróunar

- Nýr hvati fyrir akademíska starfsmenn til þess að stunda kennsluþróun
 - Þóknun sem nemur 15þ kr á mánuði – greitt árlega
 - Varanleg launahækkun
- Stór hluti kennara ætti að geta uppfyllt viðmið

Viðmið – í þróun

1. Kennslufræðileg þekking
 - T.d. Þátttaka í kennslufræðilegum námskeiðum
2. Viðurkenning í kennslu
 - T.d. skv. kennslukönnunum, styrkir úr kennslumálasjóði
3. Umbótaverkefni í kennslu
 - T.d. Lokaskýrslur úr kennslumálasjóði
4. Leiðtogahlutverk í kennslu
 - Kennslumálanefndir, mentorahlutverk



Kennsluakademía

Markmið með kennsluakademíu er **viðurkenning og stuðningur** við þá sem standa fremst í því að beita akademískum vinnubrögðum við þróun eigin kennslu, með áherslu á nemendamiðaða virka kennsluhætti



Hugmyndin

- Valinn hópur kennara fær aðgang að Kennsluakademíu í grundvelli umsóknar sem metin er af fagráði
- Aðildin felur í sér launahækkun og etv. framlag til deilda
 - 50 þús. kr á mánuði til kennara
- Kennararnir eru formlegir og óformlegir talsmenn kennsluþróunar innan sinnar stofnunar
- Árleg ráðstefna og ritrýnt sérrit um rannsóknir á háskólakennslu
- Þróun kennsluhátta innan skólans byggj á emperískum grunni



Norræn fyrirmynd

- Fyrirmyndin frá Háskólanum í Lundi en hefur breiðst út
 - T.d. í Bergen, Umeå, Uppsala, Helsinki og í Karólínsku stofnuninni
- Norska ríkisstjórnin boðað að allir háskólar skuli starfrækja kennsluakademíu frá og með þessu ári
- Kennsluakademía hefur leitt til ígrundaðri umræðu um kennslu, og kennslu tengdari rannsóknum og kenningum (Larsson, Anderberg og Olsson, 2015; Olsson og Roxå, 2008; 2013; Roxå, Mårtensson og Alveteg, 2011; Warfinge, Roxå og Löfgren, 2015)



Umsjón kennsluakademía

- Að beiðni Menntamálaráðuneytisins munu allir opinberu háskólarnir taka þátt
- Leitt af Háskóla Íslands



Samráð og næstu skref

- Unnið í samstarfi við og/eða kynnt fyrir
 - Kennslumálanefnd
 - Fræðasviðsforsetum
 - Háskólráði
 - Stéttarfélögum
 - Rektorum opinberu háskólanna
 - Menntamálaráðuneytinu
 - Háskólaþingi
- Innleitt 2020?



Virk þátttaka í samfélagi og atvinnulífi -Stuðningur við samfélagsvirkni



Undirbúningshópur

- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, aðstoðarrektror, formaður
 - Áslaug Helgadóttir, gæðastjóri
- Fulltrúar fræðasviða:
- FVS Daði Már Kristófersson, sviðsforseti /Hulda Poppe, rannsóknastjóri
 - HUG Eiríkur Smári Sigurðarson, rannsóknastjóri
 - HVS Inga B. Árnadóttir, prófessor
 - MVS Anna Sigríður Ólafsdóttir, prófessor
 - VoN Bjarni Bessason, prófessor
- Með höpnum starfaði Andrea G. Dofradóttir, verkefnisstjóri

Forsetar – Háskólaráð – Kjarafélög - Fastanefndir



Hlutverk háskóla (Lög um háskóla 2006/63 2.mgr)

Hlutverk háskóla er að stuðla að sköpun og miðlun þekkingar og færni til nemenda og samfélagsins alls.

Starf háskóla miðar að því að styrkja innviði íslensks samfélags og stöðu þess í alþjóðlegu tilliti [með hagsmunum komandi kynslóða að leiðarljósi].



Stuðningur við samfélagsvirkni

Árvisst verði úthlutað sérstöku fjárframlagi til fræðasviða sem nýtt verði til að styðja við akademískt starfsfólk sem vinnur mikilvægt starf af þessum toga.


Felur í sér viðurkenningu á því að:

- Virkni og samstarf við aðila í samfélaginu sé mikilvægur þáttur í starfsemi skólans
- Mikilvægt sé að skapa starfsfólki svigrúm til að sinna slíkri starfsemi í tengslum við rannsóknir og þekkingarsköpun



Stuðningur - Fyrirkomulag

- ✓ Fjárframlag til sviða eyrnamerkt verkefninu
- ✓ Fræðasviðin þróa viðmið um hverskonar samfélagsvirkni sé studd
- ✓ Starfsfólk sem eftir því óskar sækir um þennan stuðning til forseta fræðasviðs
- ✓ Styrkurinn nýttur á þann hátt sem hentar best til að styðja við samfélagsvirkni viðkomandi
 - T.d. til að ráða tímabundið aðstoðarfólk sem annað hvort gæti létt undir með öðrum störfum umsækjanda eða með beinni aðkomu að viðkomandi verkefni



Rektor þakkaði Guðbjörgu Lindu fyrir kynninguna og gaf orðið laust.

Kjörinn fulltrúi Félagsvísindasviðs þakkaði fyrir kynninguna og lýsti ánægju sinni með að tekið hefði verið tillit til niðurstaðna viðhorfskönnunar. Jafnframt sagðist hún óttast að með

endurskoðun matskerfisins yrði farið enn frekar inn á braut baunatalningar, þótt það væri útfært með öðrum hætti. Varðandi kennslubáttinn sagði fulltrúinn hæpið að byggja mat á honum á kennslukönnunum, enda væri umdeilt hvað þær mældu í raun og veru, auk þess sem þær segðu meira um viðhorf nemenda en frammistöðu kennara. Loks gerði fulltrúinn að umtalsefni svokölluð „akademísk húsverk“, s.s. þátttöku í sjálfsmatshópum deilda, sem væru lítils metin í matskerfi opinberu háskólanna.

Staðgengill forseta Hugvísindasviðs sagði það vera gott að við endurskoðun matskerfisins væri lögð áhersla á kennslu og samfélagsþátttöku. Varðandi hugmyndir um umbun fyrir kennslu sagði hann 15 þús. kr. vera lítinn hvata, enda geti akademískir starfsmenn fengið mun meiri hækkunir með þrepahækkun fyrir leiðbeiningu o.fl. Sagðist fulltrúinn ánægður með fyrirbyggjandi hugmyndir um útfærslu í tengslum við kjarasamninga. Loks ræddi hann tengsl aflstiga og kennsluafsláttar og sagði að eftir að aldurstengdur kennsluafsláttur var afnuminn eftir hrúnið hafi kennsluafsláttur einkum verið veittur þeim sem afla flestra aflstiga. Sagðist hann álíta það vera ranga nálgun og beita ætti kennsluafslætti á öðrum forsendum.

Fulltrúi starfsfólks í stjórnsýslustörfum sagði allt starfsfólk Háskóla Íslands vera hluta af samfélagi, en mats- og hvatakerfin væru eingöngu fyrir akademíska starfsmenn. Spurði hún hvort til stæði að endurskoða þetta.

Fulltrúi nemenda spurði hvort hugmyndir um þrepahækkun fyrir kennslu gerðu ráð fyrir að hún yrði tímabundin eða varanleg. Spurði hún hvernig tekið yrði á því ef kennara færi aftur í starfi þegar hann eltist.

Aðstoðarrektur kennslumála og þróunar brást við spurningum þingfulltrúa. Sagðist hún vera meðvituð um vandann við svokallaða baunatalningu, en benti jafnframt á að erfitt væri að umbuna starfsfólki án þess að meta störf þess á einhvern hátt. Hvernig sem kerfið yrði útfært þyrfti alltaf að byggja á einhvers konar mati, en öllu máli skipti að það væri eins faglegt og hægt er og að það væri ekki íþyngjandi. Um kennslukannanir sagði aðstoðarrektur að þær yrðu endurskoðaðar, enda væri þekkt að þær geta mismunað kennurum eftir bakgrunni þeirra. Varðandi fjárhæð umbunar væri það stjórnenda skólans að meta hvað unnt væri að setja mikla peninga í verkefnið. Loks sagði aðstoðarrektur að matskerfið gerði ekki ráð fyrir að kennurum færi aftur með hækkandi lífaldri, enda öðluðust þeir meiri reynslu, menntun og þjáfun með árunum. Ekki væri ástæða til að meta þetta sérstaklega.

Aðstoðarrektur vísinda brást við spurningu fulltrúa stjórnsýslunnar. Sagði hún störf akademískra starfsmanna vera vandlega skilgreind sem kennsla, rannsóknir og stjórnun. Verið væri að þróa breytingar samfara þessum ramma, en samfélagsvirkni væri vissulega ekki einskorðuð við akademíuna. Mikilvægt væri að skoða vandlega hvenig stjórnsýslan kæmi að þessu. Varðandi ábendingar staðgengils forseta Hugvísindasviðs sagði aðstoðarrektur að reynt hefði verið að draga úr vægi aflstiganna og til skoðunar væri að ganga enn lengra í þá átt. Um athugasemdina um baunatalningu sagði aðstoðarrektur að það væri sín skoðun að fyrirbyggjandi hugmyndir um aukið vægi kennslu og samfélagsþátttöku gengju einmitt ekki í þá átt.

Annar fulltrúi nemenda ræddi tvö atriði. Í fyrsta lagi taldi hún fyrirbyggjandi hugmyndir um hvatakerfi og kennsluakademíu vera mjög jákvæðar og vinna gegn einhliða áherslu á rannsóknir. Spurði hún hvort gert væri ráð fyrir að nemendur ættu fulltrúa í fagráðinu sem metur hvort kennarar geti komist í fyrirhugaða kennsluakademíu. Í öðru lagi sagði fulltrúinn það vera framfaraskref að starfsfólk geti fengið styrki fyrir samfélagsþátttöku. Spurði hún hvort mögulegt væri að taka tillit til samfélagsvirkni nemenda einnig. Margir þeirra væru mjög virkir og það gæti jafnvel bitnað á námi þeirra og þar með rétti til námslána og húsnæðis.

Kjörinn fulltrúi Félagsvísindasviðs lýsti ánægju með yfirstandandi endurskoðun matskerfisins. Sagði hún mat á kennslu þurfa að byggja á faglegri þekkingu. Einnig væri rétt að hafa í huga að þróun á sviði kennslu eigi sér einnig stað þegar kennarar fá hugmyndir í samstarfi við nemendur eða kollega erlendis. Þetta fari ekki alltaf í gegnum formlegan farveg en er engu að síður nýsköpun í kennslu. Varðandi kennslukannanir sagði fulltrúinn að það væri miður að t.d. leiðbeining meistaranema sé þar ekki inni. Um matskerfið að öðru leyti sagði hún að eitt væri formið á matskerfinu, annað matið sjálft. Ekki væri alltaf samræmi þar á milli, þannig að t.d. tveir einstaklingar sem skrifa saman grein geta fengið mismörg stig fyrir vinnuna. Til að geta óskað eftir endurmati í slíkum tilvikum þurfi viðkomandi að vita hvað meðhöfundurinn fékk mörg stig.

Varadeildarforseti Mála- og menningardeildar spurði hvað fælist í samfélagsvirkni. Einnig, hvort hún hafi ekki verið hluti af matskerfinu til þessa í formi þjónustustiga. Myndi áformað aukið vægi samfélagsþátttöku draga úr mati á þátttöku í opinberri orðræðu til þjónustustiga?

Forseti Félagsvísindasviðs brást við athugasemd staðgengils forseta Hugvísindasviðs og sagði að launaaukinn fyrir kennslu sem hann hefði getið um væri föst fjárhæð en ekki hlutfall sem færi hækkandi með hækkandi launum. Við mat á fjárhæðinni sé miðað við það sem fæst við u.þ.b. eina aflstigagrein.

Aðstoðarrektor vísinda svaraði varadeildarforseta Mála- og menningardeildar og sagði ekki standa til að leggja niður eða draga úr vægi þjónustustiga. Varðandi ábendingu kjörins fulltrúa Félagsvísindasviðs sagði hún það vera óásættanlegt ef tveir einstaklingar með sama framlag fengju mismikið greitt og gæti slíkt kallað á úttekt á kerfinu. Um spurningu fulltrúa nemenda um hvernig umbuna mætti þeim fyrir samfélagsþátttöku sagði aðstoðarrektor að á heildina litið væri verið að vinna með það að sérfræðipekking innan Háskóla Íslands nýtist samfélaginu. Fara mætti ólíkar leiðir að því marki og t.d. hefðu einstakar deildir metið samfélagsverkefni nemenda til námseininga.

Aðstoðarrektor kennslumála og þróunar brást við ábendingu fulltrúa nemenda og sagði að gert væri ráð fyrir aðkomu þeirra að fagráðinu sem metur hæfi kennara til inngöngu í fyrirhugaða kennsluakademíu, auk erlendra sérfröðinga. Kennsluakademían og mat á samfélagsþátttöku kalli á þróun nýrra mælikvarða sem muni mynda ný gögn. Lögð verður áhersla á kennslusýn og nemendamiðaða kennsluhætti og slíkt geta kennarar áunnið sér með ýmsum hætti.

Fleiri tóku ekki til máls.

Að umræðu lokinni bar rektor upp svohljóðandi tillögu að ályktun:

„Háskólaþing fjallaði í dag um stöðu vinnu við endurskoðun matskerfis opinberu háskólanna. Fram komu athugasemdir og ábendingar sem tekið verði tillit til við áframhaldandi vinnu við endurskoðunina á vettvangi rektors.“

– Samþykkt.

Til máls tóku undir þessum lið, auk rektors og Guðbjargar Lindu Rafnsdóttur, þau Gyða Margrét Pétursdóttir, Torfi Tulinius, Jónína Kárdal, Azra Crnac, Steinunn Gestsdóttir, Aðalbjörg Egilsdóttir, Brynhildur Flóvenz, Gauti Kristmannsson og Daði Már Kristófersson.

Kl. 15.00-15.15

Kaffihlé

Kl. 15.15-16.30

Dagskrárliður 4

Sjálfsmatsskýrsla Háskóla Íslands

Fyrst tóku til máls Jón Ólafsson, prófessor og formaður gæðanefndar háskólaráðs, og Áslaug Helgadóttir, gæðastjóri. Gerðu þau grein fyrir vinnuferli gerðar sjálfsmatsskýrslu Háskóla Íslands og ytra mats á skólanum.



Sjálfsmatsskýrsla HÍ

Reflective Analysis 2019

QEF2



Háskólaþing 31. október 2019



**Vinnuferli ytra mats Háskólans og gerð
sjálfsmatsskýrslu.**

Jón Ólafsson, formaður gæðanefndar háskólaráðs
Áslaug Helgadóttir, gæðastjóri



Háskólaþing 31. október 2019

Gögn

- [Sjálfsmatsskýrslur faglegra eininga og miðlægra stöðeininga \(QEF2\)](#)
- [Innri stefnuskiöl og upplýsingar á vef](#)
- [Skýrslur innri endurskoðanda](#)
- [Lykiltölur um fjármál, nemendur, starfsfólk og rannsóknir](#)
- [Ánægjukannanir Félagsvísindastofnunar](#)
- [Gögn um innleiðingu HÍ21](#)



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Háskólabing 31. október 2019

Aðgerðir til umbóta

A-flokkur: 9 forgangsaðgerðir í næstu stefnu HÍ og/eða skýrari aðlögun að ESG 2015.

B-flokkur: 15 aðgerðir sem ýmist þykja ekki jafnumfangsmiklar eða eru þegar í traustum farvegi en þarfnast frekari vinnu.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Háskólabing 31. október 2019

Samráð við háskólasamfélagið

- [Kynning á sex A-áðgerðum á Háskólabingi](#)
- [Opin samráðsgátt fyrir Háskólabingsfulltrúa og fastanefndir Háskólaráðs](#)
 - [Leitað eftir viðhorfum við skýrslunni – gefur hún raunsanna mynd af stöðunni og eru umbótaáðgerðir mikilvægar?](#)
- [Aðgangur sendur með tölvupósti og verður opinn til kl. 16 föstudaginn 8. nóvember.](#)



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Háskólabing 31. október 2019

Næstur tók til máls Guðmundur Valur Oddsson, prófessor við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild og fulltrúi í gæðanefnd háskólaráðs. Fjallaði erindi hans um notkun ytri samanburðar í gæðastarfi og formgerð samstarfs við hagaðila í tengslum við skipulag námsleiða.

Notkun ytri samanburðar í gæðastarfi og formgerð samstarfs við hagaðila í tengslum við skipulag námsleiða.

Guðmundur Valur Oddsson, prófessor við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Háskólabing 31. október 2019

Endurskipulagning námsleiðar

Reynslusaga IÐN


- Hvað er IÐN
 - skv. USA,
 - skv. EB
 - og hvað viljum við að IÐN verði skv. HÍ.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Aðkoma hagaðila

- Könnun IÐN á stöðu útskrifaðra nema
- Vinnustofa með nemendum (öll ár)
 - 40+ grunnnemendur, hópavinna, skilgreind viðfangsefni, miðlað
- Vinnustofa með (viðeigandi) atvinnulífi
 - Margir f.v. nemendur, hópavinna, skilgreind viðfangsefni, miðlað



Háskólagangur 31. október 2019

Vinnuferlið

| | |
|---|------------------------|
| 1. Hí skipar stýrihóp um ritun sjálfsmatskýrslunnar | 10. janúar 2019 |
| 2. Gæðaráð skipar ytri matshóp (formaður dr. Ian Pirie) | 29. maí 2019 |
| 3. Skil á sjálfsmatskýrslu til gæðaráðs | 16. des. 2019 |
| 4. Heimsókn formanns ytri matshóps | 28. janúar 2020 |
| 5. Heimsókn ytri matshóps | 31. mars-3. apríl 2020 |
| 6. Frumniðurstaða liggur fyrir (e. headline letter) | Um 20. apríl 2020 |
| 7. Formleg skil á ytri matsskýrslu | Um 15. sept. 2020 |



Háskólagangur 31. október 2019

Þriðja innleggið undir þessum dagskrárlíð flutti Herdís Sveinsdóttir, prófessor og deildarforseti Hjúkrunarfræðideildar, og fjallaði það um tilgang og hagnýtingu ánægjukannana meða nemenda og hönnun ferla.



Tilgangur og hagnýting ánægjukannana meðal nemenda. Hönnun ferla.

Herdís Sveinsdóttir, prófessor og deildarforseti
Hjúkrunarfræðideildar



Háskólagangur 31. október 2019

ALMENN ÁNÆGJA



Ánægðir nemendur – afburða nám

Greining óánægju:

Fundir með kennurum

Fundir með fulltrúum nemenda



Háskólagangur 31. október 2019

SAMTAL: Tölum við hvort annað ekki um hvort annað

- Fastir fundir deildarforseta með nemendum á hverju námsári fyrir sig við upphaf hvers misseris. Nemendur viti hvernig er unnið úr athugasemdum
- Takk fyrir finan hádegisfund í vikunni....Það er margt gott í gangi í deildinni en það er líka margt sem hægt er að gera betur og því gott að ná svona spjalli við hópinn....haldið þessum hætti endilega áfram.
- Samráðsþopur deildarforseta og nemenda – tario yfir niðurstöður kennslukannana
- Samtal kennara á hverju námsári
- Fara yfir kennslukannanir á deildarfundi og taka á því sem miður fer
- Hvetja kennara til að fara yfir niðurstöður kennslukannana í sínum námskeiðum



Háskólagangur 31. október 2019

Nýting skilgreindra hæfniviðmiða í tengslum við kennslu, nám og námsmat.

Elsa Eiríksdóttir, dósent við Deild faggreinakennslu



Háskólagangur 31. október 2019

Notkun hæfniviðmiða


- Útgáfa viðmiða um æðri menntun og prófgráður 2011
 - Í framhaldi sett viðmið um þekkingu, leikni og hæfni fyrir allar prófgráður.
 - Ætti eins að vera fyrir allar námsleiðir og námskeið, en skoðun sýndi að þetta virtist æði misjafnt og oft ábótavant.
 - Kennslumiðstöð stóð í framhaldi fyrir fundum með sviðum og deildum og vinnustofum um hæfniviðmið. Frekari aðgerðir í aðgerðarsætlun.
- Tengsl við kennsluhætti
 - Nemendur virðast ekki meðvitaðir um mikilvægi hæfniviðmiða sem liggja til grundvallar námi þeirra.
 - Mikilvægt að finna leiðir til að nýta betur hæfniviðmið beint í kennslu og námsmati.



Háskólagangur 31. október 2019


Kennsluhættir

- Fjölbreyttir kennsluhættir
 - Aðeins tæplega helmingur nemenda segir kennsluhætti við skólann fjölbreytta.
 - Ósnægja beinist að fyrirlestur og nemendur kalla eftir virkari kennsluáferðum.
 - Nemendur vilja einnig upptökur, en kennarar tekið því misvel og benda á að það auki frekar á einstefnumiðun í kennslu án virkrar bättöku nemenda.
- Þróun kennsluhátta með stuðningi upplýsingatækni
 - Áhersla í stefnu um gæði náms og kennslu og eins í stórum KEMST og Kennsluviðs.
 - Aðgerðir tengdar upplýsingatækni: Nýjar stöður á Kennsluvið, Canvas, Turnitin, Inspira, upptökustúdíó í Setberg, úttekt framkvæmda- og tæknisviðs á kennslurými.
 - Aðgerðir tengdar kennslubrúnum: Kennslumálsgjöður stækkaður og styrkir til kennslubrúnar fyrir kennara, ráðgjöf og námsleið KEMST, stöður kennslubrúnarstjóra.


 HÁSKÓLI ÍSLANDS
Háskólagang 31. október 2019

Námsmat og endurgjöf

- Verklag um góða starfshætti við kennslu og próf (2014)
 - Kennsluskrá á að lista upplýsingar um námsleið, m.a. um námsmat, en nánari lýsing á að vera gefin í námsleiðsýsingu sem nemendur fá aðgang að í upphafi annar.
 - Námsmat er í flestum tilvikum skrifleg próf sem kennarar fara yfir.
 - Ytri matsmenn koma að mati á samkeppnisprófum, munnlegum prófum sem leiða til réttinda og öllum lokaverkefnum í framhaldsnámi.
 - Verklagsreglur skilgreina rétt nemenda og ferli vegna kvartana tengdum námsmati.
- Úrbætur á endurgjöf til nemenda
 - Nemendur telja viðmið og einkunnargjöf skýra, en endurgjöf ábótavant.
 - Stefna um gæði náms og kennslu: Skoða ferli við endurgjöf og tillögur um úrbætur.
 - Samræmd einkunnarviðmið HUG; Námssefni og námsleið KEMST; Turnitin; Canvas.


 HÁSKÓLI ÍSLANDS
Háskólagang 31. október 2019

Næstur tók til máls Sveinn Agnarsson, prófessor við Viðskiptafræðideild, og fjallaði innlegg hans um styrkingu þverfaglegs umhverfis innan Háskóla Íslands.


Styrking þverfaglegs umhverfis innan HÍ.

Sveinn Agnarsson, prófessor við Viðskiptafræðideild



 HÁSKÓLI ÍSLANDS
Háskólagang 31. október 2019

Þverfræðilegt nám við HÍ

- Styður við innleiðingu á Heimsmarkmiðum SP - kallar á frekari þróun þverfræðilegrar nálgunar við kennslu og rannsóknir.
- Styrkja þarf núverandi þverfræðilegar námsleiðir og hvetja til frekari brúna: [í bá veru](#).
- Allmargar þverfræðilegar námsleiðir á framhaldsstigi.
 - Heyra ekki undir sérstakt fræðisvið eða deild - margar deildir koma að náminu.
- Nemendur geta í flestum tilvikum valið frá hvaða deild þeir brautskrást og þannig markað sér áherslur í námi sínu.
- Stöðug aukning í nemendafjölda frá 2009, 51% á árunum 2014-2018.
- Tvær þverfræðilegar námsleiðir fóru í gegnum sjálfsmat (QEF1) á tímabilinu 2011-2015 og tvær þeirra taka þátt í sjálfsmati skv. (QEF2).
 - Námsbraut í umhverfis- og auðlindafræði haustið 2018
 - Námsbraut í lýðheilsuvindum haustið 2020



 HÁSKÓLI ÍSLANDS

Þverfræðileg námsbraut – dæmi um staðsetningu


 HÁSKÓLI ÍSLANDS

Þverfaglegt umhverfi innan HÍ - forgangsráttur

- Þverfræðileg nálgun við kennslu og rannsóknir skapar góðan virðisauka.
- Veikleikar:
 - Skortir formlega viðurkenningu námsbrauta sem stjórnábyrgð eininga (e. faculty) innan HÍ
 - Staða innan stjórnskipulags háskólans
- Nauðsynlegar umbætur:
 - Breyta þarf núverandi stjórnskipulagi og stjórnun HÍ þannig að það hamli ekki þróun eininga
 - Deililíkan háskólans þarf að taka tillit til þverfræðilegrar samvinnu
 - Fjárvelting til eininga samkvæmt deililíkani og samkomulagi sem um þær gilda þarf að virða
 - Tryggja þarf sameiginlegan líverustað kennara og nemenda
 - Formgera þarf samkomulag um sameiginlegan rannsóknarvettvang ef við á
 - Tryggja þarf mönnun
 - Skýra þarf verklag við stjórnun þverfaglegra eininga


 HÁSKÓLI ÍSLANDS

Að loknu erindi Sveins Agnarssonar tók til máls Eiríkur Steingrímsson, prófessor við Læknadeild, og fjallaði hann um styrkingu umgjörðar og hlutverk doktorsnáms við Háskóla Íslands.

Styrking umgjörðar og hlutverks doktorsnáms við HÍ.

Eiríkur Steingrímsson, prófessor við Læknadeild



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Háskólaþing 31. október 2019

Sjálfsmatskýrslan

- Margt hefur batnað varðandi doktorsnámið
 - Miðstöð framhaldsnámsins
 - Skipulag doktorsnámsins að batna
 - Göt í mastersnáminu – námskeið vantar
 - Aðstoð við erlenda nemendur
- Bæta þarf
 - Skipulag doktorsnámsins enn frekar
 - Fjármögnun doktorsnámsins



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Háskólaþing 31. október 2019

GPLMS

- Samstarf læknadeilda (HVS), líf- og umhverfisvísindadeilda (VON) um eflingu framhaldsnáms í lífvísindum
 - Öllkar reglur deilda
- Rámi utan um framhaldsnám í sameindalífvísindum
 - Aukin samskipti og samstarf
 - Reglulegt fyrirstráhald erlendra vísindamanna
 - Árlegt retreat
 - Nemendakynnningar (virktafala eingöngu)
 - Fyrirlestrar erlendra vísindamanna
 - Umfjöllun um önnur atviki t.d. sálfræði, hvernig kynna skal vísindi fyrir fjölmiðlum, osfrv.
 - Námskeið
 - Stærðfræðingarnámskeið (EMBO námskeið)
- Nemendafélag – Helix
- Reyntslan: góð en ekki skjalfest með tölfræði
 - Nemendur ánægðir
 - Erum nær því að doktorsnemar fjúki námi sínu innan tímaranna en öðr



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Háskólaþing 31. október 2019

Framtíðin

- Skipulögð doktorsþrógröm?
- Umsóknarfrestur og inntaka einu sinni á ári
 - Auglýst alþjóðlega
- Umsækjendur valdir inn
 - Byggt á CV
 - Viðtöl og heimsókn
- Allir nemarnir (5-10 per þrógram) teknir inn á sama tíma
 - Auðveldar utanumhald
 - Sameiginleg námskeið
- Fjármögnun er forsenda
 - Örugg fjármögnun nema í 3 ár og með hugsanlegri 4. árs viðbót

Ætti Vísinda- og tækniráð að veita „program“ styrki sem styrkja doktorsþrógröm?



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Háskólaþing 31. október 2019

Síðasta erindið flutti Daði Már Kristófersson, forseti Félagsvísindasviðs. Var viðfangsefni hans aðgangskröfur, endurkoma og brautskráningarhlutfall.

Aðgangskröfur, endurkoma og brautskráningarhlutfall.

Daði Már Kristófersson, sviðsforseti Félagsvísindasviðs



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Háskólaþing 31. október 2019

Aðgerðir á Félagsvísindasviði

- Inntökuþróf
 - hagfræði (2012) hætt 2018
 - í hagfræði fræði (2014)
- Reyntsla misjöfn
 - Góð fagleg reyntsla í hagfræðideild en blönduð í lagadeild
 - Fjárhagsleg áhrif einhliða neikvæð



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Áhrif inntökuprófa í hagfræði

| Framvinda nýnnritaðra nema, BS/BA | | | |
|-----------------------------------|--------------|------|------|
| | Haustmisseri | | |
| | 2011 | 2012 | 2013 |
| Nýnnritaðir, skráðir | 73 | 29 | 50 |
| Nýnnritaðir, virkir | 50 | 27 | 44 |
| Einingum lokið: | | | |
| ≥ 12 | 26 | 23 | 35 |
| ≥ 18 | 19 | 19 | 30 |
| 30 | 10 | 9 | 17 |



Inntökupróf

Inntökupróf

- Leiða til
 - minna brottfalls á fyrstu misserum
 - bættrar námsframvindu í hagfræði en ekki lögfræði
 - minni hópa á fyrstu misserum grunnnáms
- Fjárhagslega mjög erfið fyrir deildir
- Og...
 - Þýðir grundvallarbreytingu á aðgengi að HÍ
 - Þarf pólitíska umræðu
 - Er alls ekki gallalaust



Rektor þakkaði framsögumönnum fyrir fróðleg innlegg og gaf orðið laust.

Forseti Stúdentaráðs gerði að umtalsefni breytingar á úthlutunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Einnig lýsti hún ánægju sinni með að „case study“ í sjálfsmatsskýrslu Háskóla Íslands væri helgað jákvæðri eflingu sálfræðistuðnings við nemendur.

Kjörinn fulltrúi stúdenta ræddi fjölmenn námskeið og fyrirlestra, s.s. inngangsnámskeið í fjölmönnum greinum sem allt að 300 nemendur sækja, og spurði hvort unnt væri að veita gæðakennslu við slíkar aðstæður.

Forseti Félagsvísindasviðs brást við og sagði að í Hagfræðideild hefðu verið tekin upp inntökupróf, ekki síst í því skyni að koma í veg fyrir of stóra nemendahópa og mikið brottfall. Þetta hefði hins vegar valdið vonbrigðum og hefði því verið fallið frá prófinu.

Fulltrúi námsbrautar í umhverfis- og auðlindafræði fagnaði því að þverfræðilegt samstarf væri sett í öndvegi í sjálfsmatsskýrslunni og hvatti til þess að gripið yrði til raunverulega aðgerða til að styðja við aukið þverfræðilegt samstarf þvert á deildir.

Forseti Heilbrigðisvísindasviðs lagði orð í belg um þverfræðilegt samstarf og sagði að námsbraut í lýðheilsuvísindum hefði gengið vel, en þar koma kennarar að miklu leyti frá einni deild. Þótt ekki sé til fjármagn fyrir nýja stöðu í greininni væri verið að skoða þann möguleika að kennarar í einstökum deildum gætu helgað kennslu sína að hluta sérstaklega þverfræðilega náminu.

Kjörinn fulltrúi Félagsvísindasviðs ræddi gerð sjálfsmatsskýrslna deilda. Sagði hún þetta verkefni útheimta mikla vinnu og mikilvægt væri að þeir sem tækju það að sér fengju greitt fyrir það.

Aðstoðarrektor kennslumála og þróunar sagði að eindreginn vilji væri til þess að auka þverfræðilegt samstarf. Sagði hún að ef þetta verður ein af meginniðurstöðum sjálfsmatsskýrslunnar yrði það væntanlega hluti af næstu heildarstefnu Háskólans.

Gæðastjóri Háskólans sagði að rætt hefði verið um að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna yrði gert hátt undir höfði í næstu heildarstefnu Háskólans og það beinlínis kallaði á aukið þverfræðilegt samstarf. Varðandi greiðslur til þeirra sem taka þátt í sjálfsmatsvinnu deilda sagði hún að í annarri umferð sjálfsmatsvinnu deilda hefði verið ákveðið að líta á þetta sem hluta af starfsskyldum akademískra starfsmanna og að aðeins nemendur og ytri fulltrúar í sjálfsmatshópunum fengju greitt sérstaklega fyrir sína vinnu.

Deildarforseti Lagadeildar sagði það vera sína skoðun að það væri mál hveðrar deildar fyrir sig hvort þær vildu greiða fyrir þessa vinnu. Ef ákveðið væri í deild að borga sérstaklega fyrir þessa vinnu yrði það einfaldlega gert.

Formaður gæðanefndar háskólaráðs sagði að búið væri að opna samráðsvef um áherslur sjálfsmatsskýrslu Háskóla Íslands og hvatti hann alla til að nýta sér það tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri.

Rektor tók undir með formanni gæðanefndar og hvatti fólk til að nýta sér samráðsvettvanginn. Einnig þakkaði hann stýrihópnum fyrir vinnuna við gerð sjálfsmatsskýrslunnar.

Fleiri tóku ekki til máls.

Að umræðu lokinni bar rektor upp svohljóðandi tillögu að ályktun:

„Á háskólaþingi Háskóla Íslands í dag voru kynnt og rædd drög að sjálfsmatsskýrslu Háskóla Íslands sem unnin hefur verið af stýrihópi sem háskólaráð skipaði 10. janúar sl. Í kjölfar þingsins gefst öllum þingfulltrúum tækifæri til að koma í opnu samráði á framfæri athugasemdum og ábendingum um efni skýrslunnar fram til 8. nóvember nk. Stýrihópurinn mun að því búnu ganga frá endanlegum drögum til háskólaráðs í ljósi framkominna athugasemda.“

Samþykkt.

Til máls tóku undir þessum lið, auk rektors og framsögumanna, þau Jóna Þórey Pétursdóttir, Azra Crnac, Daði Már Kristófersson, Bjargey Anna Guðbrandsdóttir, Inga Þórsdóttir, Gyða Margrét Pétursdóttir, Steinunn Gestsdóttir, Áslaug Helgadóttir, Aðalheiður Jóhannsdóttir, Jón Ólafsson,

Að lokum þakkaði rektor öllum þingfulltrúum fyrir yfirgripsmikið og gagnlegt háskólaþing og málefnalegar umræður.

Að formlegri dagskrá lokinni var boðið upp á léttar veitingar í anddyri Aðalbyggingar.

Útsend gögn og gögn sem lögð voru fram á 24. háskólaþingi 31. október 2019:

1. Dagskrá og tímaáætlun.
2. Listi yfir fulltrúa á þinginu.
3. Fundargerð síðasta háskólaþings sem var haldið 3. maí 2019.
4. Drög að endurskoðuðum siðareglum Háskóla Íslands og starfsreglum síðanefndar.
5. Drög að sjálfsmatsskýrslu Háskóla Íslands.